

Mánudaginn 19. marz 1917.

Nr. 50/1916:

Tómas Jónsson

gegn

Ólafi Briem f. h. Lands-  
bankans eða gegn hon-  
um persónulega.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af því, að áfrýjandi, Tómas Jónsson á Hamri í Rípurhreppi, telur stefnda, Ólaf alþingismann Briem á Álfgelssvöllum, hafa brigðað við sig kauprétti, eða að minsta kosti forkaupsrétti að eignarjörð Landsbankans, Syðri-Hofdölum í Viðvíkurhreppi innan Skagafjarðarsýslu, sem áfrýjandi sat sem leiguliði til fardaga vorið 1914, en stefndi hafði umsjá með fyrir hönd jarðareiganda. Málinu var ráðið til lykta í gestarétti Skagafjarðarsýslu 29. júní 1915 á þá leið, að stefndi var algerlega sýknaður, en málskostnaður var látiun falla niður.

Gestaréttardómi þessum skaut áfrýjandi til yfirdóms með stefnu 31. des. 1915, en málinu var frávísað þaðan 19. júní 1916, með því að réttum málsaðila Landsbankanum, sem eigi hafði falið stefnda að taka við málinu fyrir sig, hafði eigi verið stefnt til yfirdómsins, og var 25 kr. málskostnaður jafnframt lagður á áfrýjanda til stefnda.

Nú hefir áfrýjandi enn skotið gestaréttardómnum til landsyfirdómsins með stefnu dags. 24. ágúst 1916, og stefnir enn Ólafi Briem einum »fyrir hönd.

Landsbanka Íslands eða til vara sjálfum persónulega«, eins og segir í stefnunni.

Áfrýjandi beinir málinu þannig aðallega gegn Landsbankanum, en þar sem bankanum eigi hefir verið stefnt og þess sést enginn vottur í málinu að bankinn hafi nú, fremur en áður, falið stefnda að taka við sökinni fyrir sína hönd, þá verður ex officio að frávísa málinu, að því er aðalkröfu áfrýjanda snertir. Þykir jafnframt rétt að dæma áfrýjanda, samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819, í 25 kr. sekt til landssjóðs fyrir óþarfa málsýfingu að því leyti.

Og vikur þá máli að varakröfu áfrýjanda, kröfu hans á hendur stefnda sjálfum. Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess, að viðlögðum dagsektum, að selja og afsala sér nefnda jörð, Syðri-Hofdali, fyrir 5500 kr. eða til vara fyrir 6000 kr. og að minsta kosti fyrir 6500 kr., að allir samningar, er gerðir kynnu að hafa verið um jörðina við aðra, verði ónýttir, og að stefndi verði enn fremur dæmdur til að greiða sér alt að 10000 kr. skadabætur, og málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Kaupréttarkröfu sína gagnvart stefnda rökstyður áfrýjandi með því að hann, sem var ábúandi Syðri-Hofdala til fardaga 1914, hafi samkvæmt lögum nr. 30, frá 20 okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða o. fl. átt forkaupsrétt að jörðinni, enda hafi stefndi gert sér kost á henni fyrir 5500 kr. með bréfi dags. 1. nóv. 1913, og verði jafnvel að skilja það bréf sem sjálfstætt, skilyrðislaust loforð um að sleppa jörðinni við sig fyrir nefnt verð, enda hafi áfrýjandi þá þegar tekið boðinu. En þessum kaup- eða forkaupsrétti

sínum telur áfrýjandi að stefndi hafi spilt með því að fá hreppsnefndinni í Viðvíkurhreppi byggingarráð og jafnvel eignarráð yfir jörðinni. Skaðabóta-kröfu sína hefir áfrýjandi ekki rökstutt sérstaklega.

Nefnt bréf, sem áfrýjandi byggir kauprétt sinn aðallega á og hann meðtók dagsetningardag þess, er á þessa leið:

»Álfgeirsvöllum, 1. nóv. 1913.

Með því að jörðin Syðri-Hofdalir í Viðvíkurhreppi, eign Landsbankans, hefir verið föluð til kaups fyrir 5500 kr., leyfi eg mér fyrir hönd Landsbankastjórnarinnar að æskja skrifleggar og vottfastrar yfirlýsingar yðar um, hvort þér sem leiguliði afsalið yður forkaupsrétti jarðarinnar samkvæmt lögum.

Virðingarfylst

Ólafur Briem.

Það er ljóst, að í bréfi þessu felst ekki sjálfstætt, skilyrðislaust loforð af hendi stefnda um að láta áfrýjanda jörðina fara, og er því ekki um brígd á fortakslausum kauprétti áfrýjanda til jarðarinnar að ræða.

Og þar sem enginn sannanavottur hefir komið fram fyrir því, að stefndi hafi selt hreppsnefndinni í Viðvíkurhreppi margnefnda fyrverandi ábýlisjörð áfrýjanda, heldur þvert á mótí borið af vitnum áfrýjanda að stefndi hafi ekki selt hreppsnefndinni jörðina — og um sölu til annara er ekki að ræða — þá getur, þegar af þeirri ástæðu, ekki komið til mála að stefndi hafi brotið fyrnefnd lög um forkaupsrétt leiguliða á áfrýjanda, enda er það að engu leyti

sannað, gegn neitun stefnda, að áfrýjandi hafi haldið forkaupsrétti sínum fram innan lögmæts tíma.

Ekki verður heldur álitid, að stefndi hafi beitt áfrýjanda lögleysu með því að fá hreppsnefndinni í Viðvíkurhreppi, með bréfi dags. 20. jan. 1914, byggingarráð yfir jörðinni frá fardögum það ár, með því að stefndi hafði löglega bygt áfrýjanda út fyrir jól 1913 og áfrýjandi veik af jörðinni í næstu fardögum á eftir, án þess að til útburðar kæmi.

Stefndi hefir þannig hvorki brotið fyrnefnd lög um forkaupsrétt leiguliða né önnur lög á áfrýjanda, enda virðist stefndi hafa komið fram sem venjulegur umboðsmaður jarðareiganda gagnvart áfrýjanda, þó að því atriði hafi ekki verið hreyft sem sýkunarástæðu af hans hendi. Verður því að sýkna stefnda að öllu leyti af kærnum og kröfum áfrýjanda enda greiði áfrýjanda stefnda 40 kr. málskostnað fyrir yfirdómi.

Yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson hefir í frumsóknarskjalinu farið aðfinningarorðum um fyrnefndan frávísunardóm yfirdómsins. Þykir ástæða til vera að víta það, þótt eigi sé hann látinn sæta sekt fyrir.

Því dæmist rétt vera:

Aðalkröfu áfrýjanda, Tómasar Jónssonar, á hendur stefnda Ólafi Briem f. h. Landsbankans vísast frá dómi. Að öðru leyti á stefndi að vera sýkn af kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði 25 kr. sekt í landssjóð og stefnda 40 kr. í málskostnað.

Sekt og málskostnað ber að inna af hendi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 19. marz 1917.

Nr. 72/1916.

Carl Sæmundsen & Co.

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur  
fyrir hönd bæjarsjóðs.

#### D ó m u r :

Árið 1915 lagði niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur aukaútsvar til bæjarsjóðs á áfrýjanda Carl Sæmundsen & Co. að upphæð 250 kr., og aftur árið 1916 lagði nefndin aukaútsvar á áfrýjanda að upphæð 400 kr., og féll helmingur þess í gjalddaga 1. apríl nefnt ár, en hinn helmingurinn 1 október. Með því að áfrýjandi ekki greiddi útsvarið fyrir 1915 né heldur fyrri helming útsvarsins 1916, þegar gjöld þessi voru komin í gjalddaga, var þess í tæka tíð krafist fyrir hönd bæjarsjóðsins, að gjöld þessi væru tekin lögtaki hjá áfrýjanda. Eftir að málsaðilar höfðu skriflega borið fram sóknar- og varnarástæður sínar í málinu fyrir fógetarétti Reykjavíkur, úrskurðaði rétturinn 28. ágúst f. á., að hið umbeðna lögtak skyldi fram fara,